

Nr. 17-137 S 104 María ÍS 777**Bolskemmd**

Skipaskr.nr. 6669
Útgerð: Útgerðarfélag Vestfjarðar slf.
Smíðaður: Flugfiskur, 1985, trefjaplast.
Stærð: 4,50 brl. 3,73 bt.
Mesta lengd: 8,40 m Skráð lengd: 7,36 m
Breidd: 2,22 m Dýpt: 0,85 m
Vél: Yanmar, 140 kw, 2000.
Fjöldi skipverja: 1



María © Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. ágúst 2017 var María ÍS 666 á siglingu út af Önundarfirði. Veður: SSV 6 m/s.

Skipstjórinn á Maríu ÍS 777 tilkynnti til Vaktöðvar siglinga að bolur bátsins hefði brotnað illa á siglingu og væri nú á landleið í togi hjá Jóhönnu G ÍS 56. Enginn leki kom að bátnum og Jóhanna G dró bátinn til hafnar á Flateyri.

Við rannsókn kom fram:

- að á siglingu kom dálítið högg á bátinn og stöðvaði skipverjinn bátinn en sá ekkert athugavert;
- að síðan var báturinn settur á tuttugu sjómílna ferð og skall á öldu og við það rifnaði byrðingur frá stb. megin;



- að bátnum var breytt árið 2000 af fyrirtækinu Seiglu ehf. Hann var tekinn í sundur fyrir aftan stýrishús og settur við nýr þiljaður afturhluti;
- að Siglingastofnun hafði eftirlit með breytingu bátsins;
- að skrokklagið á nýja afturhlutanum var beint niður (boxlaga) og var gerð tvöföldun yfir á gamla byrðinginn sem brotnaði frá;
- að eftir atvikið kom fram hjá viðgerðaraðila að samskeytin á nýja byrðingnum og þeim gamla voru ekki nógu vönduð. Að hans mati fóru trefjamotturnar of stutt inn á gamla skrokkinn til að ná góðri festu;
- að byrðingur bátsins bæði bb og stb var trefjaður upp á nýtt og styrktur.



Nefndarálit:

Orsök atviksins er að ekki var vandað nægjanlega til verka við endurbyggingu á bátnum.